Umsögn foreldraráðs leikskólans Austurkórs um starfsáætlun leikskólans 2025-2026

Inngangur

Umsögn þessi er unnin með vísan til 2.mgr. 11.gr.laga um leikskóla nr. 90/2008, þar sem fram kemur að hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Í foreldraráði leikskólans Austurkórs sitja Fanný Guðbjörg Jónsdóttir, María Ósk Sverrisdóttir og Silja Ívarsdóttir.

Foreldraráð Leikskólans Austurkórs hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025–2026. Áætlunin er ítarleg, fagleg og endurspeglar metnaðarfullt og fjölbreytt skólastarf þar sem velferð og þroski barna eru í forgrunni. Ráðið fagnar þeirri sýn sem birtist í áætluninni og þeirri áherslu sem lögð er á lýðræði, samvinnu og atorku – gildi sem eru leiðarljós í öllu starfi skólans.

Áherslur í starfi leikskólans
Foreldraráð lýsir ánægju með skýra stefnu leikskólans í menntamálum og þá hugmyndafræði sem liggur að baki, einkum félagslega hugsmíðahyggju og áhrif Reggio Emilia. Áhersla á leik sem námsleið, samþættingu náms og skapandi starf er vel ígrunduð og í takt við þarfir leikskólabarna. Sérstaklega er fagnað áherslunni á útinám og ævintýraferðir sem stuðla að aukinni hreyfingu, tengingu við náttúru og sjálfbærni.

Foreldrasamstarf:
Foreldraráð metur mikils þann opna og virka samskiptavettvang sem leikskólinn býður foreldrum. Regluleg foreldrasamtöl, kynningarfundir, heimasíða og upplýsingamiðlun í gegnum Völu eru mikilvægir þættir í að tryggja gagnsæi og traust. Foreldraráð fagnar einnig því að hafa aðkomu að mótun og umsögn starfsáætlunar og telur það mikilvægt fyrir lýðræðislegt skólastarf.

Starfsmannamál
Foreldraráð leggur áherslu á mikilvægi þess að leikskólinn hafi aðgang að hæfu og vel menntuðu starfsfólki. Í starfsáætlun kemur fram að lögð sé áhersla á fagmennsku, umhyggju og samvinnu í starfi. Ráðið styður við þá stefnu og telur mikilvægt að áfram sé unnið að því að efla starfsumhverfi og starfsþróun kennara og annars starfsfólks.

Aðrar upplýsingar
Foreldraráð fagnar því að leikskólinn leggi áherslu á jafnrétti, inngildingu og farsæld barna. Áhersla á lýðræði, réttindi barna og virðingu fyrir fjölbreytileika samfélagsins er í takt við nútímalega menntastefnu. Þá er einnig mikilvægt að leikskólinn vinni markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið SÞ.

Lokaorð
Foreldraráð Leikskólans Austurkórs lýsir yfir ánægju með starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2025–2026. Áætlunin er vel unnin, skýr og endurspeglar faglegt og metnaðarfullt

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

skólastarf þar sem velferð barna, lýðræði og skapandi nám eru í forgrunni. Ráðið styður starfsáætlunina og hlakkar til áframhaldandi góðs samstarfs við stjórnendur og starfsfólk leikskólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026